



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 29.01.2021

Á 395. fundi bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar 28. janúar 2021 var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Umsögn Stykkishólmsbæjar um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.**

Lagt fram erindi Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur sem, fyrir hönd umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, sendir til umsagnar frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 1. febrúar 2021.

Bæjarráð vísaði málinu til bæjarstjórnar.

**Afgreiðsla bæjarstjórnar:**

*Stykkishólmsbær telur mikilvægt að standa vörð um hálendi Íslands og er þjóðgarður ein leið til þess að tryggja skipulagða umgjörð um verndun hálendisins. Stykkishólmsbær vill í því samhengi benda á Þjóðgarðinn Snæfellsjökull sem dæmi um vel heppnaðan þjóðgarð sem almenn ánægja ríki um. Stykkishólmsbær leggur áherslu á að við stofnun þjóðgarða ríki almenn sátt við sveitarfélög og íbúa sem hagsmuna hafa að gæta. Stykkishólmsbær hvetur Alþingi til að vinna málið áfram með það að markmiði að ná sem mestri sátt við íbúa og sveitarfélög, enda er það grunn forsenda stofnunar þjóðgarða.*

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,

  
Jakob Björgvin Jakobsson,  
bæjarstjóri.

